

## REGLUR

### um afslátt af fasteignaskatti hjá Svalbarðsstrandarhreppi.

#### 1. gr.

Reglur þessar um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts eru settar með heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og heimildir til lækkunar hans.

#### 2. gr.

Rétt til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði samkvæmt reglum þessum eiga tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

- Eiga lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsnæði.
- Erु 67 ára á árinu eða eldri og/eða hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- Falla í einn þeirra tekjuflokka sem kveðið er á um í 5. gr.

#### 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær afslátt skv. reglum þessum þótt einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

#### 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og veittur í fjórum þrepum; 100%, 75%, 50% og 25%. Við mat á afslætti er miðað við allar skattskyldar tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

#### 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

a. með tekjur allt að	kr. 5.500.000	100% afsláttur
b. með tekjur á bilinu	kr. 5.500.001 til 6.536.768	75% afsláttur
c. með tekjur á bilinu	kr. 6.536.769 til 7.573.537	50% afsláttur
d. með tekjur á bilinu	kr. 7.573.537 til 8.610.305	25% afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

a. með tekjur allt að	kr. 7.291.400	100% afsláttur
b. með tekjur á bilinu	kr. 7.291.401 til 8.385.594	75% afsláttur
c. með tekjur á bilinu	kr. 8.385.595 til 9.473.788	50% afsláttur
d. með tekjur á bilinu	kr. 9.473.789 til 10.561.982	25% afsláttur

#### 6. gr.

Verði veruleg breyting á högum umsækjanda, t.d. þegar fráfall maka eða skyndileg örorka hefur í för með sér verulega lækkun heimilistekna, er heimilt að víkja frá ákvæðum 5. gr. varðandi viðmið um tekjur sl. árs.

Jafnframt er heimilt að víkja frá skilyrði um lögheimilisskráningu í allt að þrjú ár hjá þeim sem flutt hafa úr eign íbúð á öldrunarstofnun, enda sé hún áfram í eigu umsækjanda og ekki nýtt af öðrum.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og heimildir til lækkunar hans, öðlast gildi 1. janúar 2025. Jafnframt falla úr gildi reglur um afslátt fasteignaskatta hjá Svalbarðsstrandarhreppi nr. 1737/2023.

*Samþykkt á 144. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 3. desember 2024.*

**Þórunn Sif Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2024